

Skólavarðan

KENNARASAMBAND ÍSLANDS *MARS 2015*



EFNISYFIRLIT

SKÓLAVARÐAN

MARS 2015

2.TBL



Dagur í lífi grunnskólakennara

Hefðbundinn vinnudagur hjá Rákel Guðmundsdóttur grunnskólakennara er annasamur eins og vera ber. Styrmir Kári Erwinsson ljósmyndari eyddi degi með Rákel.



Feigðarflan eða skynsamleg leið?

Þingmenn í allsherjar- og menntamálanefnd voru spurðir út í afstöðu til hefts aðgengis 25 ára og eldri að námi í framhaldsskólum.



Það þarf að fjölga frábærum kennurum

Enski fræðimaðurinn Toby Salt segir stjórnáamenn vilja umbylta menntakerfinu í stað þess að hlúa að kennurum og námi.



Lifandi ljóðagerð á hverjum degi

Ljóðagerð er hluti af daglegu námi barnanna í leikskólanum Garðaborg. Eygló Ida Gunnarsdóttir leikskólakennari hefur haft veg og vanda af ljóðagerðinni.



Upprætum neteinelti með fræðslu

Hermann Jónsson, skólastjóri hjá Advania, segir að með því að kenna börnum og unglingum samskiptareglur á netinu megi koma í veg fyrir neteinelti.

Forsíðumyndina tók Styrmir Kári Erwinsson á Skrautnótunni.

Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang ki@ki.is

Ríttjórar: Ádvalbjörn Sigurðsson og Arndís Þorgeirsdóttir
Ábyrgðarmaður: Þórður Á. Hjaltsted
Hönnun og umbrot: Kjarninn
Prófarkalestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir

ÁGÆTU FÉLAGSMENN

N

Nú hafa félagsmenn í Félagi framhaldsskólakennara, Félagi stjórnenda í framhaldsskólum og Félagi grunnskólakennara kosið um fyrirbyggjandi vinnumat. Niðurstaða er að félagsmenn FG samþykktu vinnumatíð og heldur því kjarasamningur þeirra með öllum launahækkunum sem um var samið. Samningurinn gildir út maí 2016. Félagsmenn KÍ í FF og FS sem starfa hjá ríkinu og Tækniskólanum höfnuðu nýju vinnumati en það var hins vegar samþykkt í Verzlunarskólanum og Menntaskóla Borgarfjarðar. Þetta merkir að samningar FF og FS við ríkið og Tækniskólann eru nú lausir. Samninganefndir þessara aðila hafa þegar hist og farið yfir málið. Framundan er að gera nýja samninga og er stefnt að því að vinna við það hefst svo fljótt sem auðið er.



**Þórður Á.
Hjaltsted**
formaður KÍ

Orðræðan

En það er ekki niðurstaða kosninganna sem ég vil gera að umtalsefni hér, heldur umræðan sem fram fer dags daglega, m.a. á samfélagsmiðlunum. Í aðdraganda kosninga blöskraði mörgum orðræðan sem í gangi var og það orðbragð sem félagsmenn notuðu hver um annan. Ég vitna hér í Siðareglur KÍ, en þar segir meðal annars að kennari...

...vinni með samstarfsfólki á faglegan hátt.

...sýni öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

...gæti heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.

Ég vil hvetja félagsmenn til að fara að þessum reglum og þá sérstaklega þegar við tjáum okkur í ræðu eða riti. Í umræðunni



um atkvæðagreiðslu um vinnumat vantaði oft verulega upp á að þeir sem þar tjáðu sig sýndu hver öðrum virðingu. Við verðum að gæta okkar því við erum fyrirmyndir. Með vandaðri framkomu og með því að gæta virðingar í ræðu og riti gætum við jafnframt heiðurs og hagsmuna stéttarinnar. Það er okkur til vansa að láta frá okkur texta með óhróðri og skítkasti um félag okkar í stéttinni. Gætum hófs og förum að leiðbeinandi ákvæðum þeirra siðareglna sem við sjálf höfum sett okkur.

Niðurstöður Salek

Kjaramálin eru mikið í umræðunni þessa dagana enda mörg stéttarfélög með lausa samninga. KÍ hefur verið þátttakandi í vinnu nefndar undir hatti ríkissáttasemjara, sem gengur undir nafninu SALEK. Hagfræðingur KÍ tók þátt í vinnunni fyrir hönd KÍ og leiddi hópinn er rannsakaði launaþróun síðustu ára, en um það fjallar hann í grein hér í Skólavörðunni. Niðurstaðan nú sýnir að launaþróun félagsmanna KÍ hefur verið lagfærð, en það var einmitt takmarkið í síðustu samningalotu aðildarfélaga Kennarasambandsins. Þetta er viðsnúningur frá því í fyrra, þegar niðurstaða SALEK hópsins var að frá árinu 2006 hefði enginn hópur sem skoðaður var fengið jafn litlar kjarabætur og félagsmenn KÍ sem störfuðu hjá ríkinu. Launaþróun félagsmanna KÍ sem starfa hjá sveitarfélögunum var þá litlu skárri. Eins og áður segir hefur þetta nú snúist við sem sýnir að talsverður árangur náðist við samningaborðið í fyrra. Nú skiptir máli að við náum að halda þessari stöðu og að kennarar dragist ekki aftur úr öðrum stéttum. Tryggja þarf að launaskriði umfram gerða kjarasamninga sé haldið í skefjum eða að viðsemjendur KÍ láti félagsmenn þess njóta sama launaskriðs og almennt gerist í samfélaginu. Sú hefur því miður ekki verið raunin í gegnum tíðina.

Að lokum vil ég minna á að þann 17. apríl verður ársfundur KÍ haldinn á Grand Hótel Reykjavík. Þar munu fulltrúar allra aðildarfélaga mæta og fara yfir málin, skoða stöðuna og horfa fram á við. Ársfundir flestra aðildarfélaga KÍ eru haldnir nú í mars.

Ég óska félagsmönnum velfarnaðar í störfum sínum.



DEILAN TIL RÍKIS- SÁTTASEMJARA

M

Meirihluti framhaldsskólakennara felldi samkomu-
lag um nýtt vinnumat sem lagt var í atkvæða-
greiðslu félagsmanna Félags framhaldsskóla-
kennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum
dagana 23. til 27. febrúar síðastliðinn. Niðurstaðan
varð að kennarar í ríkisskólum og Tækniskólanum
felldu samkomulagið á meðan kennarar í Verzl-
unarskóla Íslands og Menntaskóla Borgarfjarðar
samþykktu það.

„Dómur félagsmanna liggur fyrir í lýðræðislegri
atkvæðagreiðslu og hana ber að virða. Fulltrúar FF
og samninganefndar ríkisins hafa þegar fundað hjá



Ríkissáttasemjara þar sem farið var yfir stöðuna,“ segir Guðríður Arnardóttir, formaður FF. „Aðilar eru sammála um að samningaviðræður félagsins eru aftur komnar á borð sáttasemjara sem mun stýra því samningaferli sem framundan er.“

Mikil vinna framundan

Fyrsti samningafundur fyrir hönd ríkisskólanna í nýrri lotu var haldinn miðvikudaginn 10. mars. „Við metum samningsumhverfi okkar þannig að möguleikar á launahækkunum séu mestir verði samið um nýtt vinnumat okkar framhaldsskólakennara. Samningsaðilar voru ásáttir um að skoða nánar nokkur atriði tengd vinnumati og þannig var lífi blásið að nýju í Verkefnisstjórn um vinnumat. Verkefnisstjórninni verður falið að fjalla nánar um nokkur atriði sem við teljum að þurfi að lagfæra svo grundvöllur vinnumats verði ásættanlegur fyrir félagsmenn,“ segir Guðríður.

Hvað varðar Tækniskólann þá verði samninganefnd skólans nú að móta samningsmarkmið fyrir þeirra hönd (Tækniskólinn er einkaskóli og því er samið sérstaklega fyrir hönd FF félaga við skólann). Guðríður segir að almennt sé stefnt að því að línur verði orðnar skýrar í lok mánaðarins, en næsti samningafundur hefur verið boðaður þann 23. mars. Samninganefnd hefur ákveðið að boða til almenns félagsfundar þann 25. mars en þá ættu línur að vera orðnar nokkuð skýrar í samningamálunum.



VINNUMAT GRUNNSKÓLAKENNARA SAMÞYKKT

M

Meirihluti félagsmanna í Félagi grunnskólakennara hefur samþykkt upptöku nýs vinnumats. Atkvæðagreiðsla um vinnumat stóð yfir frá föstudeginum 13. febrúar til föstudagsins 27. febrúar.

Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru svohljóðandi:

Á kjörskrá:	4.453
Atkvæði greiddu	2.942 eða 66,1%
Já	1.701 eða 57,8%
Nei	1.160 eða 39,4%
Auðir seðlar	81 eða 2,8%



Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga skrifuðu undir kjarasamning 20. maí 2014 og fól samningurinn í sér að gert yrði nýtt vinnumat þar sem metinn yrði sá tími sem kennari verði til skilgreindra verkefna. Verkefnisstjórn um vinnumat var skipuð síðasta sumar og vann að gerð vinnumatsins. Hægt er að kynna sér störf verkefnisstjórnarinnar á vefnum vinnumat.is

Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA

Efnahagsumhverfi og launaþróun var kortlagt í skýrslu svokallaðrar SALEK nefndar, en hún kom út í febrúar.

Í febrúar síðastliðnum kom út skýrsla heildarsamtaka vinnumarkaðarins, *Í aðdraganda kjarasamninga, efnahagsumhverfi og launaþróun*. Markmiðið með útgáfunni er að gera upplýsingar um launaþróun liðinna ára og um helstu efnahagsstærðir öllum aðgengilegar.

Helsta viðfangsefni þess hluta skýrslunnar sem fjallar um launaupplýsingar er greining á launaþróun stærstu launþegahópa landsins frá nóvember 2006 til september 2014. Félagsmönnum KÍ er í því samhengi skipt í tvo hópa. Annar hópurinn hefur ríkið sem sinn stærsta viðsemjanda (KÍ-ríki) en hinn hópurinn sveitarfélögin (KÍ-sv.fél.). Í fyrrnefnda hópnum eru því félagsmenn í Félagi framhaldsskólakennara og í Félagi stjórnenda í framhaldsskólum en í þeim síðarnefnda eru félagsmenn í Félagi grunnskólakennara, Félagi leikskólakennara, Félagi tónlistarskólakennara, Félagi stjórnenda leikskóla og Skólastjórufélagi Íslands.

Yfirlit yfir launaþróun níu hópa launþega frá nóvember 2006 til september 2014 má sjá í töflunni á næsta skjá fyrir neðan. Laun ríkisstarfsmanna í stéttarfélagum innan ASÍ hafa hækkað mest á þessu tímabili, um 73,9%, en laun starfsmanna í aðildarfélagum BSRB hjá sveitarfélagum minnst, eða um 57,4%. Laun KÍ-ríkishópsins hækkuðu á þessu tímabili um 67,8% en laun KÍ-sv.fél.hópsins hækkuðu um 68,8% á sama tíma. Til samanburðar má sjá í dálkinum lengst til hægri í töflunni hvernig launavísitalan hefur breyst, en hún hækkaði um 63% á tímabilinu.

Nokkuð hefur verið um það rætt að undanförunu að kennarar



**Oddur S.
Jakobsson**
hagfræðingur KÍ



Vísitala paraðra breytinga nóvember 2006 - 2014 - grunnur 2006

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Launa - vísitala
	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2007	109,6	105,8	105,1	108,7	108,4	108,3	104,9	107,2	104,0	108,3
2008	117,0	124,7	109,3	123,4	115,3	123,1	110,5	123,0	124,2	116,7
2009	121,7	127,6	127,5	124,3	123,2	124,4	123,9	123,5	129,3	121,4
2010	128,2	134,6	130,9	127,1	125,1	130,3	126,2	124,7	130,8	127,0
2011	137,7	141,8	139,4	135,9	133,9	138,4	133,5	134,0	138,3	138,5
2012	145,6	149,4	146,8	144,1	141,5	145,1	140,1	140,2	144,6	145,4
2013	154,5	165,5	155,5	153,1	148,7	155,2	147,7	146,3	152,0	154,2
2014*	162,4	173,9	166,7	162,2	162,0	161,0	157,4	167,8	168,8	163,0

* Nóvember 2013 - september 2014

(og læknar) hafi fengið meiri launahækkningar en aðrir í síðustu samningum. Það má til sanns vegar færa. Reglulegt tímakaup hjá KÍ-ríkishópnum hækkaði um 14,7% frá nóvember 2013 til september 2014 og um 11,1% hjá KÍ-sv.fél.hópnum. Þetta eru meiri hækkningar en hjá hinum hópnum sjö á því tímabili sem

SAMSTARFSNEFND UM LAUNAUPPLÝSINGAR OG EFNAGAGSFORSENDUR KJARASAMNINGA (SALEK)

Stærstu aðilar á íslenskum vinnumarkaði, KÍ, BHM, BSRB, ASÍ, SA, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga standa sameiginlega að SALEK, samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Nefndin var stofnuð í júní 2013 að norrænni fyrirmynd en markmiðið með starfi hennar er að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Á vegum nefndarinnar hafa starfað tveir vinnuhópar; annar um launaupplýsingar og hinn um efnahagsforsendur kjarasamninganna. Hagfræðingur KÍ hefur tekið þátt í störfum beggja hópanna og hefur leitt vinnu hópans um launaupplýsingar. Annað hefti ritins *Í aðdraganda kjarasamninga, efnahagsumhverfi og launaþróun* með skýrslu vinnuhópanna kom út í febrúar 2015, en fyrra heftið var gefið út í október 2013.


hér um ræðir. Ástæður þess eru nokkrar. Gert var ráð fyrir lengri samningstíma hjá KÍ-ríkishópnum og hjá fjölmennasta kennarafélaginu, Félagi grunnskólakennara (FG), heldur en hjá flestum öðrum hópum eða um 2½ ár á móti rúmu ári hjá öðrum. Auk þess var í kennarasamningunum gert ráð fyrir töluverðum breytingum á vinnumati en slíkar breytingar er almennt ekki að finna í öðrum samningum. Ennfremur má hafa það í huga að launaþróun kennara, sérstaklega þeirra sem starfa hjá ríkinu, hafði verið mun lakari en annarra hópa frá 2006 og fram að síðustu kjarasamningum.



Mynd 1. Breytingar á milli nóvembermánaða (nema sept. 2014)

Heimild: Hagstofa Íslands


* Nóvember 2013 - september 2014




Mynd 1 sýnir hvernig hækkanir milli tímabila frá nóvember 2006 til szeptember 2014 hlaðast upp hjá níu hópum launamanna. Efstu hlutar súlnanna tveggja lengst til hægri sýna hækkanirnar frá nóvember 2013 til september 2014 hjá félagsmönnum KÍ sem fjallað er um hér að framan. Hækkanir af þeirri stærðargráðu sem þar um ræðir milli tímabila eru ekki einskorðaðar við félagsmenn KÍ eins og sjá má af myndinni. Einnig er fróðlegt að sjá að launahækkanir hjá hópum þar sem gert var ráð fyrir 2,8% almennri lágmarkshækkun í kjarasamningum urðu í flestum tilvikum töluvert umfram það. Þannig hækkuðu til að mynda laun fjölmennasta hópsins af þeim níu sem hér eru til skoðunar, þ.e. félagsmanna ASÍ á almennum markaði, um 5,1% frá nóvember 2006 til september 2014.

Eins og að framan greinir þá hækkaði reglulegt tímakaup hjá KÍ-ríkishópnum meðaltali um 14,7% frá nóvember 2013 til

Mynd 2. KÍ Ríki. Reglulegt tímakaup



Mynd 3. KÍ Sveitarfélög. Reglulegt tímakaup



september 2014 og að meðaltali um 11,1% hjá KÍ-sv.fél.hópnum. Myndir 2 og 3, sýna hvernig launahækkarnir dreifðust á hópana.

Mynd 2 sýnir dreifingu launahækkana hjá KÍ-ríkishópnum. Af henni má m.a. lesa að laun 59% af þeim hópi hækkuðu um 14% (13,5 til 14,5%) en 10% af hópnum fengu 16% launahækkun (15,5 til 16,5%).

Meðalhækkunin var eins og fyrr segir 14,7%.

Eins og sjá má er mynd 3, sem sýnir dreifingu launahækkana hjá KÍ-sveitarfélagshópnum, mjög ólík mynd 2. Sú mikla dreifing launahækkana sem kemur fram á myndinni helgast af því að um fimm ólíka kjarasamninga er að ræða innan hópsins. Algengast er að laun í þessum hóp hækki um 16% (15,5 til



NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR


- Laun kvenna hafa hækkað meira en karla á tímabilinu nóvember 2006 til september 2014.
- Launadreifing hefur jafnast síðustu ár. Þannig hefur hlutfall launa 10% launalægstu af launum 10% launahæstu hækkað frá 2008.
- Laun stjórnenda hafa almennt hækkað minna en laun annarra starfsstétta frá 2006 til 2014 en laun verkafólks mest.
- Sé tekið mið af meðaltali tíu spáa um efnahagsþróun árána 2015 og 2016 má búast við 3,2% hagvexti á ári, 3% verðbólgu og 3,5% atvinnuleysi.
- Óvissa hér á landi um þróun efnahagsmála tengist einkum niðurstöðum komandi kjarasamninga, losun fjármagnshafta og uppgjöri þrotabúa föllnu bankanna.
- Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist hægar en kaupmáttur launa vegna lægri eignatekna í kjölfar hrunsins 2008 og þyngri byrða beinna skatta.

16,5%). Það á við um 17% af hópnum. Næst algengust er 7% launahækkun (6,5 til 7,5%). Meðal hækkingin var eins og fyrr segir 11,1%.

Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir meðallaun og launadreifingar fyrir september 2014. Meðaltal reglulegra launa hjá KÍ-ríkishópnum var 455 þús. kr þann mánuð en meðaltalið hjá KÍ-sv.fél.hópnum var heldur lægra eða 424 þús. kr. Í síðarnefnda hópnum er fjölbreyttari blanda kennara og stjórnenda en í þeim fyrrnefnda. Launadreifingu hópanna má sjá á mynd 4.

Nokkrar fleiri niðurstöður sem finna má í skýrslunni má sjá í ramma hér til hliðar. Áhugasamir geta nálgast skýrsluna af [heimasíðu KÍ](#).

Mynd 4. KÍ: Regluleg laun





YFIRLIT UM RÉTTINDI ÞÍN Á EINUM STAÐ

Á sjóðfélagavef LSR færð þú m.a. upplýsingar um réttindi þín, greidd iðgjöld og séreignarsparnað ásamt því að hafa aðgang að Lífeyrisgáttinni.

Lífeyrisgáttin er ný leið fyrir sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Með Lífeyrisgáttinni opnast greið leið að þessum upplýsingum.



Upplýsingar um lífeyrisréttindi
á einum stað.

**LSR**

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is

Deildu með
vinum á vefnum



SKÓLAVARÐAN SPYR

FEIGÐARFLAN EÐA SKYNSAMLEG LEIÐ?

Skólavarðan sendi fyrirspurn á alla þingmenn í allsherjar- og menntamálanefnd. Spurt var um afstöðu þeirra til hefts aðgengis 25 ára og eldri að framhaldsskólum.





Stjórnarandstöðupingmenn í menntamálanefnd Alþingis eru ósáttir við að aðgengi 25 ára og eldri að framhaldsskólunum sé skert. Gagnrýnt er að svo stórri stefnubreytingu sé „laumað“ inn í fjárlög án alvöru umræðu. Þingmenn Framsóknarflokks segjast sáttir en Sjálfstæðismenn sáu ekki ástæðu til að svara fyrirspurn um málið.

Skólavaráðan sendi á dögnum fyrirspurn á alla átján aðal- og varafulltrúa í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem þeir voru beðnir um að svara eftirfarandi spurningu: „Hvað finnst þér um þá aðferðafræði sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga 2015 að skerða aðgengi 25 ára og eldri að framhaldsskólum landsins?“ Þeir sem svöruðu fyrirspurninni voru:

- ✓ Helgi Hrafn Gunnarsson (P)*
- ✓ Páll Valur Björnsson (Bf)
- ✓ Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (Vg)
- ✓ Oddný G. Harðardóttir (S)
- ✓ Guðbjartur Hannesson (S)
- ✓ Líneik Anna Sævarsdóttir (B)**

* Helgi Hrafn Gunnarsson sendi svar fyrir hönd þingflokks Pírata og þar með Jóns Þórs Ólafssonar sem er varamaður flokksins í nefndinni.

** Svar Líneikar Önnu Sævarsdóttur var unnið í samráði við Elsu Láru Arnardóttur og Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, fulltrúa Framsóknarflokks í nefndinni.

Sérstaka athygli vekur að enginn þingmaður Sjálfstæðisflokks sá ástæðu til að bregðast við spurningu Skólavörðunnar, en eftirtaldir sendu ekki svar:

- ✗ Unnur Brá Konráðsdóttir (D)
- ✗ Vilhjálmur Árnason (D)
- ✗ Brynjar Nielsson (D)
- ✗ Haraldur Einarsson (B)
- ✗ Karl Garðarsson (B)
- ✗ Óttarr Proppé (Bf)
- ✗ Svandís Svavarsdóttir (Vg)
- ✗ Valgerður Gunnarsdóttir (S)
- ✗ Willum Þór Þórsson (B).



Í greinargerðum sínum tala þingmenn stjórnarandstöðunnar meðal annars um að breytingin sé feigðarflan, hún muni þýða aukna mismunun, minnkandi námsframboð og veikari skóla. Einnig telur einn þingmaður að breytingin „sendi skólaþróunina aftur til sjöunda áratugar síðustu aldar“. Fulltrúar Framsóknarflokks segjast aftur á móti í heildina sammála þeirri breytingu sem gerð var. Enn fremur muni breyting á fjárveitingum hafa þau áhrif að með örfáum undantekningum hækki fjárframlög til einstakra skóla milli ára.

Svör þingmanna fylgja hér á næstu skjáum í þeirri röð sem þau bárust.

Þeir sem ekki svöruðu



Frá efstu röð: Brynjar Níelsson, Haraldur Einarsson, Karl Garðarsson, Valgerður Gunnarsdóttir, Svandís Svavarsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Óttarr Proppé, Vilhjálmur Árnason og Willum Þór Þórsson.



SKÓLAVARÐAN SPYR

HELGI HRAFN GUNNARSSON* PÍRATAR

„Þingflokkur Pírata er á móti því að takmarka mennta-
skólagöngu með þeim aldurstakmörkunum sem voru
innleiddar nýlega og telur mikilvægt að allir hafi sem
auðveldastan aðgang að menntun óháð efnahag og
þjóðfélagsstöðu að öðru leyti.“

* Svar þingflokks Pírata í heild.



SKÓLAVARÐAN SPYR

BJARKEY OLSEN GUNNARSDÓTTIR VINSTRIHREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ

„Sú stefna sem menntamálaráðherra stendur fyrir og samþykkt var í fjárlögum ársins sýnir algera stefnu-breytingu. Því miður sá ráðherra ekki ástæðu til að kynna þetta þegar hann kynnti nýlega hvítbók heldur var þessari breytingu laumað inn í gegnum fjárlög. Vissulega hefur verið í gildi forgangsröðun þegar nemendur eru teknir inn í framhaldsskóla en hins vegar hefur það verið svo að öllum hefur verið tryggt nám þó að ekki hafi allir fengið inni í nákvæmlega þeim skóla sem þeir hafa sótt um. Hins vegar hefur fjármagn verið tryggt til þess að allir kæmust að. Þessi breyting er því miður til þess fallin að auka á mismununun, draga úr sveigjanleika í menntakerfinu og grafa undan menntun í samfélaginu.

Þeir sem af einhverjum ástæðum kjósa eða geta ekki annað en stundað nám seinna á ævinni munu ekki eiga sömu tækifæri til menntunar og aðrir. Í staðinn munu þeir þurfa að greiða há skólagjöld, fyrir utan annan kostnað, til að geta stundað nám sem er sambærilegt. Það er vert að hafa í huga að oft er um að ræða fólk sem átti ekki kost á framhaldsskólánámi þegar það var yngra vegna vinnu eða barneigna. Þetta getur líka ýtt undir að fólk flytji búferlum og litlum byggðum blæði. Að auki getur þessi ákvörðun orðið til þess að rekstrargrundvöllur margra litlu skólanna verður veikari en ella. En grundvallaratriðið er að þetta stríðir gegn jafnrétti til náms sem lengi hefur verið undirstaðan í íslenskrum menntapólitík og það er ekki ásættanlegt að lauma slíkri grundvallarbreytingu inn bakdyramegin í gegnum fjárlög.“



SKÓLAVARÐAN SPYR

PÁLL VALUR BJÖRNSSON BJÖRT FRAMTÍÐ

„Álit mitt á þessari hugmyndafræði hæstvirts menntamálaráðherra er lítið sem ekkert. Eins og áður hefur komið fram þá hafa þær skipulagsbreytingar sem mennta- og menningarmálaráðherra boðaði á síðasta ári farið í gang, þ.e. breytingar sem miða að því að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum í þrjú. Mikill vilji og skilningur er á þessari breytingu en það sem helst hefur verið gagnrýnt er meintur skortur á samráði við þá er málið varðar þ.e.a.s. skólastjórnendur og hagsmunasamtök kennara og skólastjórnenda. Nánast engin umræða hefur enn átt sér stað um þessar breytingar innan þingsins eða í nefndum þess og virðist eiga að keyra þessar breytingar í gegn með alltof miklum offorsi. Þetta eru miklar breytingar á skólastarfi framhaldsskólanna sem kallar á góðan og vandaðan undirbúning þar sem hagar nemenda og starfsmanna skólanna þarf að vera í forgrunni. Því miður virðist sá viðsnúningur í rekstri framhaldsskólanna sem nauðsynlegur er ekki vera í farvatninu í síðasta fjárlagafrumvarpi. Það 400 milljóna framlag sem samið var um í kjarasamningunum síðasta vor má sín lítills þegar annars staðar er skorið niður á sama tíma og gert er ráð fyrir nemendafækkun langt umfram mannfjöldaspá. Það er skýlaus krafa að haft sé samráð og samvinna við alla fagaðila um stefnumótun í menntamálum á grundvelli Hvítbókar og hafa þeir lýst sig reiðubúna til samstarfs og óskað eftir því að fá að koma að því að ákvarða leiðirnar sem fara verður í til þess að ná markmiðum hennar. Þá skýtur það skökku við að á sama tíma og fækka á nemendum í



framhaldskólunum um 916 og nánast útiloka nemendur yfir 25 ára aldri þá er ekki lagt aukið fjármagn til þeirra skóla sem tekið gætu á móti þeim. Þannig að þá er þetta að mínu mati feigðarflan og í raun brot á mannréttindum að útiloka fólk eldri en 25 ára frá námi í framhaldsskólunum.“



SKÓLAVARÐAN SPYR

ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR SAMFYLKINGIN

Fjöldatakmörkanir í framhaldsskólum

„Sá möguleiki að koma aftur í skóla með auknum þroska og reynslu hefur staðið brottfallsnemendum sem og öðrum til boða hér á landi, óháð aldri. Það að geta lokið námi þótt seint sé, skiptir miklu máli fyrir einstaklingana og framtíðarmöguleika þeirra en einnig fyrir menntunarstig þjóðarinnar sem aftur hefur jákvæð áhrif á hagvöxt og almenna hagsæld. Með því að vísa þeim frá sem náð hafa 25 ára aldri og vilja stunda bóknaám, takmarkar sveigjanleika framhaldsskólakerfisins sem hefur verið þess helsti kostur hingað til.

Rannsóknir sýna að gott aðgengi að námi skiptir miklu máli ef hækka á menntunarstig þjóðar. Menntamálaráðherra ferðast nú um landið og heldur erindi um mikilvægi læsis og menntunar fyrir hagvöxt og hagsæld í landinu. Á sama tíma skerðir hann aðgengi að menntun sem mun koma harðast niður á ungu fólki á landsbyggðinni. Þeim er boðið í staðinn að flytja búferlum og fara í einkaskóla á Suðurnesjum eða í Borgarfirði með ærnum tilkostnaði. Enginn vafi er á að fylgífiskur þessa er að opinberum störfum á landsbyggðinni mun fækka enn frekar.

Landsbyggðin og fjarnámið

Samkvæmt svari menntamálaráðherra við fyrirspurn minni um fjölda skráðra nemenda í bóknaám sem náð hafa 25 ára aldri kemur fram að um 1.162 einstaklinga er að ræða sem samtals telja 522 ársnemendur. Dreifing þeirra er misjöfn eftir landssvæðum og skólagerðum. Slóðin á [svör ráðherrans er hér](#).



Á myndinni hér fyrir neðan eru tölulegar upplýsingar úr áætlunum sem fjárlög 2015 byggja á. Skólarnir sem finna mest fyrir fjöldatakmörkunum eru skólar sem þyrftu í raun enn meira fjármagn, ættu þeir að mæta menntunarbörfinni í nærsamfélaginu og vera færir um að standa undir nægilega fjölbreyttu námsframboði. Með áformum ríkisstjórnarinnar um fjöldatakmarkanir mun rekstrarstaða framhaldsskóla úti á landi versna umtalsvert og námsframboð mun þar væntanlega einnig verða einhæfara. Einnig mun þjónusta skóla sem bjóða upp á fjarnám dragast saman svo um munar, s.s. í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Skóli	Hlutfall 25 ára+ nemendur	% fækkun nemenda 2015
Fjölbrautarskóli Snæfellinga	13,9%	18,4%
Menntaskólinn á Tröllaskaga	19,9%	17,0%
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	32,9%	12,2%
Menntaskólinn í Borgarnesi	7,3%	9,0%
Menntaskólinn á Egilsstöðum	10,2%	8,0%

Ungdómsskólar

Í málflutningi menntamálaráðherra á Alþingi hefur komið fram að hann vilji stefna að því að framhaldsskólarnir verði ungdómsskólar. Af þeirri stefnubreytingu hef ég þungar áhyggjur og tel að hún muni í raun senda skólaþróunina aftur til sjöunda áratugar síðustu aldar. Meðalaldur þeirra sem stunda starfsnám er 25 ár. Fjölbrautaskólarnir verða ekki ungdómsskólar með því að banna eldri nemendum að stunda bóknaám. Frekari breytingar þurfa að fylgja í kjölfarið svo slíkt markmið náist.

Það er með öllu óásættanlegt að ríkisstjórn birti stefnu sína í menntamálum í fjárlagafrumvarpi hvers árs líkt og gerðist í fjárlögum 2015 og að þar séu boðaðar veigamiklar breytingar sem hvorki hafa fengið umræðu í skólasamfélaginu né meðal almennings. Ekki sér fyrir endann á slæmum afleiðingum fjöldatakmarkanna í framhaldsskólum á líf einstaklinga og búsetuskilyrði víða um land.“



SKÓLAVARÐAN SPYR

GUÐBJARTUR HANNESSON SAMFYLKINGIN



Hver er stefnan? Hvítbók – hvað svo?

„Hvítbók“ menntamálaráðherra með stefnumótun í menntamálum, birtist loks haustið 2014 og reyndist almennt spjall og góð fyrirheit en fáar útfærslur á einstökum atriðum.

Allir geta stutt þá framtíðarsýn að menntun skuli standast „samanburð við það sem best gerist erlendis“.

Þar er sagt að helsti styrkleiki íslenska menntakerfisins sé að námsárangur er „harla jafn milli skóla, nemendum líður almennt vel og skólakerfið bæði sveigjanlegt og laust við mikla miðstýringu“. Hvítbókin setur fram tvö skýr markmið um umbætur. Annars vegar að bæta læsi nemenda í íslenskum skólum og hins vegar að auka skilvirkni og tryggja að fleiri ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma.

Boðað er víðtækt samstarf um umræðu um Hvítbókina og menntamálin. En hvar fer samstarfið og umræðan fram? Er það aðeins við fámennan hóp?

Hinn kaldi raunveruleiki – fækkun nemenda

Enginn ágreiningur ætti að vera um meginefni Hvítbókarinnar. En fylgja efndir góðum orðum? Fylgja fjárveitingar góðum fyrirheitum? Hvað segja fjárlögin?

Eftir gerð kjarasamninga hækkuðu fjárframlög í fjárlögum 2015. Einnig var nokkur hækkun á launastíku. Fjármagnið í heild fylgir ekki þessum aukna kostnaði heldur er gripið til þess ráðs að skera niður á mótí með fækkun nemendaígilda í fram-



haldsskólum. Fjárlögin 2015 gera ráð fyrir fækkun um 800-900 ársnemendur frá árinu á undan þar sem helst er fækkun nemenda eldri en 25 ára í framhaldsskólanámi.

Minnkandi námsframboð – aukinn kostnaður nemenda

Ákvörðun um fækkun nemenda framhaldsskóla fylgir yfirlýsing um að framhaldsskólar eigi að vera ungmennaskólar og eldri (bóknáms-) nemendur en 25 ára eigi að sækja sitt nám á eigin kostnað á námskeiðum hjá framhaldsfræðslunni eða í þeim tveimur skólum sem bjóða háskólabrú eða frumgreinanám, – skóla sem eru í boði aðeins gegn háum skólagjöldum.

Þessar breytingar bitna mjög alvarlega á fámennari skólum á landsbyggðinni og íbúum landsbyggðar með auknum kostnaði nemenda og námi fjarri heimili. Fækkun nemenda mun leiða til minna námsframboðs og veikari skóla og afturhvarfs til þess tíma þar sem menntunarstig var langlægst á stórum svæðum.

Vegið er að jafnrétti til náms og hugmyndum um jafnt aðgengi að framhaldsnámi óháð efnahag, búsetu og aldri. Um þessar breytingar getur aldrei orðið þjóðarsátt.

Samstarf atvinnulífs og skóla

Aukin skilvirkni og minna brotthvarf úr framhaldsskólum er göfugt markmið, en samhliða ætti að auka framboð á námi fyrir fullorðna til að hækka menntunarstig þjóðarinnar. Á síðasta kjörtímabili náðist um það víðtæk samstaða meðal aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Þessir aðilar lögðu fram umtalsvert fjármagn til að ná þessu markmiði. Nú hafa verkefni eins og „Nám er vinnandi vegur“ verið slegið af, tilraunaverkefni um hvernig auka megi menntunarstig þjóðarinnar með framhaldsnámi virðist eiga að deyja og fjárveitingar til raunfærnimats skornar. Hins vegar tókst að bjarga vinnustaðanámssjóðnum sem einnig átti að leggja af.

Boðuð er stytting náms til lokaprófs og því verkefni kastað í fangið á skólunum. Óvissa er um fjárveitingar, boðaðar lækkanir



fjárveitinga til starfsdeilda, starfsnámið í uppnámi og samein-
ingar skóla liggja í loftinu. Allt er óljóst um hvað bíður fram-
haldsskóla og nemenda á stórum svæðum á næsta hausti. Þannig
á ekki að standa að breytingum.

Vöndum okkur

Aukin menntun er ein mikilvægasta forsenda hagvaxtar og
hagsældar. Það er skýr vilji þjóðarinnar að aðgengi að framhalds-
skólum eigi að vera óháð efnahag, búsetu og aldri. Öll viljum
við skilvirkan hagkvæman rekstur, en slík hagkvæmni má ekki
vera á kostnað fjölbreytileikans eða nást fram með því að færa
námskostnaðinn í auknum mæli yfir á nemendur.

Stöndum saman um breytingar, vöndum okkur, veitum hags-
munaaðilum og þjóðinni allri hlutdeild í þeim breytingum.

Ráðherra er til að þjóna og leiða en ekki til að stýra með
valdboðum.“



SKÓLAVARÐAN SPYR

LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR** FRAMSÓKNARFLOKKUR

„Mig langar að byrja á að þakka tækifærið til að ræða skólamál því eins og „skólafólki“ er kunnugt er ekki alltaf mikill áhugi á þeim í fjölmiðlum. Fyrir mér er jafnrétti til náms lykilatriði í allri umræðu um nám og ég tel mikilvægt að allir geti stundað nám óháð búsetu.

Fjárveitingum til framhaldsskólanna var breytt um áramótin og í heildina er ég sammála þeirri breytingu sem gerð var, þótt hún hafi bæði sína kosti og galla.

Markmið breytinganna var að tryggja aukið fjármagn á hvern nemanda á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og til allra nema í starfsnámi. Fjárframlög til bóknámsskólanna byggja nú á áætluðum fjölda nemenda á framhaldsskólaaldri. Fjárveiting á hvern nemanda hækkar og hækkun verður á fjárveitingum til launa (launastika reiknilíkans). Ef fleiri nemendur sækja um nám í framhaldsskóla en viðkomandi skóli fær greitt með er skólunum eins og áður heimilt að forgangsraða í samræmi við reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla. Reglugerðinni var síðast breytt á árinu 2012 og samkvæmt henni eru 25 ára og eldri síðastir í forgangsroðinni.

Nemendum sem sækja starfsnám er tryggt skólavist óháð aldri en hins vegar getur sú staða komið upp að skóli fái ekki greitt frá ríkinu með nemanda sem er eldri en 25 ára og stundar bóknám. Þrátt fyrir það má ætla að oft hafi skólarnir hag af því að innrita þessa nemendur í áfanga sem þegar er haldið úti í skólunum og njóta þannig innritunargjalda þeirra. Það verður hins vegar ómögulegt fyrir framhaldsskólana að bjóða upp á




sérstakar bóknámsbrautir fyrir nemendur sem eru eldri en 25 ára. Í þessari stöðu er það því grundvallaratriði að fullorðnir eigi greiðan aðgang að bóknámi á vegum þeirra aðila er sinna fullorðinsfræðslunni.

Breytingin á fjárveitingum hefur þau áhrif að fjárframlög til einstakra skóla hækka milli ára, á því eru örfáar undantekningar, þar sem veruleg fækkun hefur orðið í árgöngum á svæðunum sem þessir skólar þjóna. Það er vissulega erfiðast fyrir minnstu skólana að tryggja eldri nemendum skólavist við þessar aðstæður. Við því var brugðist á Alþingi við aðra umræðu fjárlaga, þegar bætt var inn fjárveitingu til að tryggja að áfram yrði hægt að semja um „gólf“ í fjárveitingum til minnstu framhaldsskólanna.“

** Svárið var unnið í samráði við Elsu Láru Arnardóttur og Jóhönnu Mariu Sigmundsdóttur, fulltrúa Framsóknarflokks í nefndinni.





Íslandsbanka Appið

Gleymdust reikningarnir?
Greiddu þá í Appinu

Skoða nánar »


Íslandsbanki



LIFANDI LJÓÐAGERÐ Í LEIKSKÓLA

Ljóðagerð er hluti af daglegu námi og starfi barnanna í Garðaborg og vart líður sá dagur að ljóð verði ekki til. Eygló Ida Gunnarsdóttir leikskólakennari hefur haft veg og vanda af söfnun ljóðanna. Hún segir ljóðagerð þroska sköpunargáfu barnanna en hennar hlutverk sé einkum að vera klappstýra og ritari.

„Ljóðin eru öll dásamleg og börnin sækja mikið í ljóðagerðina,“ segir Eygló Ida Gunnarsdóttir leikskólakennari um ljóðagerð nemendanna í leikskólanum Garðaborg. Eygló situr við skrifborðið sitt og skráir inn ljóð þegar blaðamann Skólavörðunnar ber að garði snemma morguns í janúar.

„Það voru fimm krakkar sem sömdu ljóð í morgun og þau vilja fá að taka þau með sér heim,“ segir Eygló og sýnir svarta



snjáða minnisbók sem er stútfull af ljóðum. „Það er misjafnt hversu margir semja ljóð á hverjum degi en það er óhætt að segja að vart líði sá dagur hér í Garðaborg að ljóð verði ekki til. Ég er alltaf með minnisbókina á mér og krakkarnir vita að þau geta leitað til mín hvenær sem er,“ segir Eygló.

Upphafið að ljóðagerðinni má rekja til lokaritgerðar Eyglóar í Kennaraháskólanum sem hún vann ásamt Virginíu Saharopulos árið 2008 og bar titilinn; Regnboginn á óteljandi liti: börn og ljóðagerð, hagnýtar upplýsingar. Verkefnið fólst meðal annars í ljóðagerð með börnum í Garðaborg og Austurborg. „Þetta gekk svo vel að leiðbeinandinn okkar lagði til að við gæfum ljóðin út á bók og við gerðum það,“ segir Eygló.

Eygló hefur unnið í Garðaborg með hléum frá árinu 2001 en hóf að vinna að ljóðagerðinni árið 2010. Hún segir áherslurnar hafa breyst mikið við ljóðanámið. „Vinnan við lokaverkefnið fólst í því að við mynduðum hópa sem bjuggu saman til ljóð og ljóðatímarnir voru skipulagðir. Nú er ég hins vegar mjög afslöppuð yfir þessu, er alltaf með bókina meðferðis, og krakkarnir koma til mín þegar andinn kemur yfir.“

Börnin vita og kunna

Eygló segist alla tíð hafa haft áhuga á ljóðum; hún les mikið af ljóðum og skrifar þau líka. Áður en hún hóf að vinna að ljóðagerð með leikskólabörnum hafði hún lesið sér til um hvernig slík vinna fer fram í grunnskólum. „Mig langaði mikið að prófa þetta á yngri börnum en í grunnskólanum fylgir kennsla af þessu tagi formfestu, krakkarnir eru að læra rím og bragarhætti. Þetta er mun frjálsara hér í Garðaborg og ég brýni fyrir börnunum að „þau viti“ og „þau kunni“ og þá rennur þetta vel. Mörg barnanna eru kappsöm og það hefur komið fyrir að eitthvað komi upp á hjá barni og það biðji í kjölfarið um að fá að búa til ljóð. Mér fannst það mikill sigur þegar það gerðist í fyrsta skipti og ég held að þau finni að ljóðagerð felur í sér tjáningu og losun. Stundum koma fram hlutir í ljóði

HUNDUR

Fjórir fætur.
Svartur.

Einu sinni
var ég með hund.
Hann var svartur
með mörg hár
og með fætur.

Núna er hann beinagrind
uppi í himninum.
Núna er hann dáinn.

Greyið.
Hann langaði ekki
að vera dáinn.

Höf. Kári Viðisson



sem ég hef ekki hugmynd um – dæmi um það var þegar einn drengurinn missti hundinn sinn.

Ljóðabókin Nína er hann beinagrind uppi í himninum kom út í fyrra og hlaut bæði lof og athygli. Hún var eitt þeirra verkefna sem voru lögð til grundvallar þegar Garðaborg hlaut Hvattningarverðlaun Reykjavíkurborgar 2012.



Ljóðabækur barnanna í Garðaborg voru til sýnis á stóra leikskóladeginum í Ráðhúsinu í fyrra.

Eygló hefur skýrar vinnureglur gagnvart börnunum; hún geymir öll ljóð og gerir aldrei tilraun til að breyta eða segja þeim til. „Ég skrifa allt upp og svo les ég ljóðið fyrir viðkomandi til þess að fullvissa mig um að rétt sé með farið. Það kemur oft fyrir að krakkarnir þurfa að leiðrétta mig og það er bara gott. Ég legg höfuðáherslu á að

ljóðin séu þeirra sköpun.“

Auk ljóðagerðar efnir Eygló reglulega til ljóðalestrar með krökkunum í Garðaborg. Hún kynnir þeim ýmis konar ljóðlist, auk þess að lesa ljóð barnanna upp. Upplsturinn er að sögn Eyglóar spennandi í augum barnanna og mörgum þeirra finnst einstaklega gaman að heyrja eigin ljóð lesin upp.



Ljóð í hita leiksins

Tvær bækur hafa þegar komið út og vinna við þriðju bókina er hafin. Hún verður að líkindum gefin út síðar á þessu ári. „Ég legg áherslu á að allir taki þátt í gerð bókarinnar og ef svo fer að einhver vill ekki semja ljóð þá fær hann að taka þátt með öðrum hætti; til dæmis með því að aðstoða við myndskreytingar í bókinni.“

Ljóðagerð er fyrir löngu orðin hluti af daglegu starfi í Garðaborg og hana er að finna í stefnu leikskólans. „Þetta byrjaði sem tilraun en nú höfum við að markmiði að gefa út eina ljóðabók á ári. Það er auðvitað kostnaðarsamt að prenta bók en við erum svo heppin að vera í samstarfi við Háskólaprent. Það þýðir að ef nemandi hér vill eignast ljóðabók eftir einhver ár þá getur hann fengið hana útprentaða hjá Háskólaprenti. Upplagið er því alltaf lítið og við seljum bækurnar á kostnaðarverði.“

Eygló er þegar komin með fjölda ljóða sem verða prentuð í nýju bókinni. „Öll börn geta samið ljóð og þau fá snjallar hugmyndir á degi hverjum sem því miður eiga það til að gleymast. Því er skráning svo mikilvæg og þótt auðvitað sé ekki hægt að ætlast til að öll börnin hafi áhuga á ljóðagerð þá þurfa kennarar að vera opnir fyrir hugmyndum barnanna, skrifa þær niður og lesa upp. Mörg ljóðanna verða til í hita leiksins og án nokkurrar hvatningar frá kennara eða öðrum,“ segir Eygló Ida Gunnarsdóttir, leikskólakennari í Garðaborg.



Þing KÍ Sjötta þing Kennarasambands Íslands fór fram í apríl í fyrra. Þing eru haldin á fjögurra ára fresti en hin árin er haldinn ársfundur.

FUNDAHÖLD FRAMUNDAN

Ársfundur Kennarasambandsins 2015 verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 17. apríl. Yfirskrift fundarins er „Orðræða og ímynd kennarastéttarinnar“ og vegna þess verður á fundinum sérstök umfjöllun um ímyndarmál. Endanleg dagskrá liggur enn ekki fyrir, en fyrir utan hefðbundin ársfundarstörf verður að

óbreyttu einnig rætt um stöðuna í kjaramálum og farið yfir bæði þjónustukönnun og úttekt á starfsemi KÍ sem Capacent hefur unnið.

Félag framhaldsskólakennara heldur fulltrúafund fimmtudaginn 19. mars, Félag leikskólakennara heldur sinn ársfund föstudaginn 20. mars og Félag stjórnenda leikskóla fimmtudaginn 26. mars.

BREYTTAR REGLUR HJÁ ORLOFSSJÓÐI

Sú breyting hefur verið gerð á reglum Orlofssjóðs KÍ að félagar í Félagi kennara á eftirlaunum (FKE) njóta ekki lengur „punktæignarforgangs“ þegar opnað verður fyrir sumarúthlutun 8. apríl næstkomandi. Félagar í FKE geta bókað orlofseignir þegar almenn úthlutun hefst laugardaginn 11. apríl.

SJÚKRADAGPENINGAR HÆKKA UM 2.200 KR.

Stjórn Kennarasambandsins staðfesti á fundi sínum í byrjun mánaðarins tillögu stjórnar Sjúkrasjóðs um breytingu á úthlutunarreglum sjúðsins. Sjúkradagpeningar hækka í 11.000 kr. (úr 8.800 kr.) og hætt verður að endurgreiða kostnað við meðferð hjá hómópata. Breytingarnar tóku gildi 1. mars.

NÝTT KENNSLUEFNI

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur látið þýða og gefa út fjórar bækur þar sem fjallað er um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntun. Bækurnar eru samdar af Evrópuráðinu en þýddar og útgefnar af Námsgagnastofnun. Þrjár þeirra innihalda nákvæmar leiðbeiningar og vinnublöð til dreifingar í verkefnavinnu nemenda í grunn- og framhaldsskólum, en ein er sérstaklega ætluð fyrir kennara og fjallar m.a. um hvað beri að hafa í huga við nám, kennslu, innleiðingu og mat.



Þátttaka í lýðræði
– rafbók

Lífað í lýðræði
– rafbók

Uppvöxtur í lýðræði
– rafbók

Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaravitundar og mannréttinda – rafbók



-7 KR.



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Með KÍ dæluykli Atlantsolíu fá félagsmenn 7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dæluykilshafa veitir dæluykill 15 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is/atlantsolia





DAGUR Í LÍFI KENNARA

Rakel Guðmundsdóttir, grunnskólakennari í Hlíðaskóla, byrjar daginn snemma eins og flestir kennarar. Síðan tekur við annasamur dagur þar sem kennslan og önnur störf innan skólans eru fyrirferðamest. Styrmir Kári Erwinsson ljósmyndari fylgdi Rakel eftir í einn dag og útkoman er ljósmyndaröð sem sýnir grunnskólakennarann við leik og störf.





Mánudagsmorgunn. Dagurinn byrjar kl. 07:30 með hafragraut og sítrónuvatni.



Rakel mætir í skólann kl. 08:15 en þá hittast kennarar inni á kennarastofu áður en kennsla hefst. Umræðuefnið þennan morguninn eru Óskarsverðlaunin sem fram fóru kvöldið áður.





Rakel kennir 4. bekk í Hlíðaskóla. Fyrsta verk á hverjum morgni er að merkja við hverjir eru mættir.



Viðfangsefni bekkjarins síðustu daga hefur verið að fræðast um reikistjörnur. Þennan morgun er röðin komin að Júpiter og Satúrnusi.





Eftir hádegisd kennir Raket 1. bekk tónmennt. Framundan er sýning um Rauðhettu og úlfinn og nemendur þurfa að læra lag byggt á ævintýrinu.



Síðdegis eftir að kennslu lýkur tekur við kennarafundur. Umræðuefnið – hvernig og hvenær er best að búa til sólkerfi?





Það þarf líka að huga að heilsunni og þegar skóla lýkur brunar Rakel í líkamsrækt.



Heima tekur við kvöldmatur en að honum loknum heldur kennslan áfram. Verkefni kvöldsins er heimalærdómur með yngsta syninum.

A close-up portrait of Jóhanna Einarsdóttir, a woman with short, dark, wavy hair, wearing black-rimmed glasses and a dark jacket. She is smiling slightly and looking towards the camera. The background is a plain, light-colored wall.

HVAÐ EINKENNIR GÓÐAN KENNARA?

Góður kennari hefur metnað fyrir starfi sínu, reynist nemendum vel utan skólastofunnar, er sanngjarn og hvetur nemendur sína til góðra verka. Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs HÍ, fer yfir afrakstur kynningarátaksins Hafðu áhrif frá síðastliðnu vori.





Síðastliðið vor stóð Menntavísindasvið Háskóla Íslands fyrir kynningarátakinu „Hafðu áhrif“. Á heimasíðu átaksins (www.hafduahrif.is) mátti finna stutt myndbönd þar sem þjóðþekktir Íslendingar sögðu frá þeim kennara sem mest áhrif hafði haft á líf viðkomandi. Almennungi gafst jafnframt kostur á að senda inn ábendingu um þann kennara sem mest áhrif hefði haft á hvern og einn. Um tvö þúsund ábendingar bárust um á fimmta hundrað kennara. Valnefnd fór svo yfir ábendingar og umsagnir og valdi í kjölfarið fimm kennara sem að endingu hlutu viðurkenningu, en þeir voru:

- Anna Steinunn Valdimarsdóttir, Laugalækjarskóla.
- Björk Þorgeirsdóttir, Kvennaskólanum.
- Guðmundur Stefán Gíslason, Fjölbrautarskólanum í Garðabæ.
- Hrafnhildur Jóhannesdóttir, Keili.
- Hörður Ríkharðsson, Blönduskóla.

Á Menntavísindasviði var í framhaldi farið í að greina innsend gögn og reyna að átta sig á hvaða þættir einkenna góða kennara. Skólavarðan spurði Jóhönnu Einarsdóttur, forseta Menntavísindasviðs HÍ, hvað hefði komið út úr þeirri vinnu. Hún segir að nokkrir þættir hafi staðið upp úr þegar góðum kennurum var lýst, en þeir eru:

Ástríða og metnaður í starfi

„Margir minntust kennara sem höfðu ástríðu og metnað fyrir starfinu. Þeir vönduðu til kennslunnar og kennslugagna og höfðu mikinn áhuga og víðtæka þekkingu á því sem þeir voru að kenna. Þessu fylgdi einlægur áhugi á að nemendur tileinkuðu sér efnið og næðu árangri.“





Fimm kennarar hlutu í fyrra viðurkenningu fyrir að hafa haft jákvæð áhrif á nemendum sína. Þeir eru Anna Steinunn Valdimarsdóttir, Björk Þorgeirsdóttir, Guðmundur Stefán Gíslason, Hrafnhildur Jóhannesdóttir, Keili og Hörður Ríkharðsson, Blönduskóla. Með þeim á myndinni eru Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs HÍ og Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

„Mörg ummæli voru um kennara sem tókst að vekja áhuga nemenda á náminu og gera kennslustundirnar áhugaverðar. Góðir kennarar voru nefndir þeir sem notuðu skemmtilegar og óhefðbundnar kennsluaðferðir.“

Vinátta og virðing

„Þeirra kennara sem fengu hvað flestar tilnefningar var ekki síst minnst fyrir vináttu og virðingu sem þeir sýndu nemendum sínum. Margir minntust kennara sem höfðu reynt þeim vel utan skólastofunnar. Þeir gáfu sér tíma til þess að hlusta, voru óeigingjarnir á tíma sinn og tilbúnir til að aðstoða, innan skóla sem utan.“



Sanngirni og réttlæti

„Umhyggja og réttlæti voru einkenni góðra kennara að mati margra. Kennarar sem gera ekki upp á milli nemenda og koma fram við alla á jafnréttisgrundvelli eru góðir kennarar.“

Hvatning og stuðningur

„Hvetjandi og styðjandi voru algeng ummæli um þá kennara sem fengu margar tilnefningar. Fólki minntist kennara sem vöktu athygli á styrkleikum og hrósuðu fyrir það sem vel var gert.“

Fólk minntist kennara sem vöktu athygli á styrkleikum og hrósuðu fyrir það sem vel var gert

Varanleg áhrif á líf nemenda

„Fólk á ýmsum aldri lýsti því hvernig kennarinn þeirra og kennslan varð kveikjan að nýjum hugmyndum, framtíðaráformum og námsáhuga. Sumir töldu að kennarinn hefði breytt sýn þeirra á heiminn og haft áhrif á líf þeirra.“

Hafðu áhrif

Jóhanna segir að þegar rýnt sé í þau ummæli sem góðir kennarar fengu frá núverandi og fyrrverandi nemendum sínum megi ljóst vera að þar fari fólk sem hefur haft áhrif á æsku og lífshlaup fjölmargra.


Í fyrirlestri sínum lagði dr. Toby Salt áherslu á að besta leiðin til að auka gæði náms sé að tryggja að við kennslu starfi sem allra bestir kennarar.



FJÖLGUM FRÁBÆRUM KENNURUM

Enski fræðimaðurinn Toby Salt segir stjórnáamenn háða breytingum. Í stað þess að hlúa að námi og kennurum vilji þeir umbylta menntakerfinu.





Um 500 kennarar og skólastjórnendur troðfylltu stærsta fundarsal Hilton Reykjavík Nordica mánudaginn 18. febrúar. Þar stóðu Kennarafélag Reykjavíkur, Félag skólastjórnaenda í Reykjavík og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fyrir Öskudagsráðstefnunni 2015. Aðalfyrirlesarinn var dr. Toby Salt, sérfræðingur hjá Ormiston Academies Trust í Bretlandi og fyrrum ráðgjafi skólayfirvalda þar í landi um forystu og þróun. Í tæplega 50 mínútna erindi kom Salt víða við en meginskilaboðin voru þó einföld. Ef auka á gæði náms er áhrifaríkasta leiðin að tryggja að við kennslu starfi sem allra bestir kennarar. Þrátt fyrir að fjölmargar rannsóknir sýni þetta, reynist engu að síður erfitt að fá stjórnámálamenn til að hlusta.

„Ég hef unnið með fjölmörgum menntamálaráðherrum í Englandi. Þrátt fyrir að vera mjög ólíkir eiga þeir það sameiginlegt að hafa áhuga á menntamálum en einnig að hafa í ráðherratíð sinni barist eins og ljón fyrir bættu skólakerfi. En þeir ráða

ekki við sig og vilja bæta kerfið með því að gera á því róttækar breytingar enda eru stjórnámálamenn háðir breytingum. Það skýrir stöðugar kollsteypur í uppbyggingu skólakerfisins.“

Salt sagði að það gleymdist oft að slíkar kúvendingar hefðu takmörkuð áhrif. Vandinn liggur ekki í kerfinu heldur í skorti á frábærum kennurum og skólastjórnendum. Þar hafi tvennt mikil áhrif. Annars vegar eru of fá ungmenni sem velja að leggja kennslu fyrir

sígu og hins vegar gefast of margir sem klára kennaranám upp á starfinu. Aðspurðir um ástæðuna nefni þeir lág laun, vinnuálag og skort á virðingu. Þessu þurfi að breyta og kennarar geti sjálfir haft áhrif, a.m.k. varðandi virðinguna. Þeir þurfi að passa hvernig þeir tjá sig, því þeir þurfi að tala starfið upp. „Fyrir nokkru var ég að ræða við dóttur mína um hvað hún ætlaði að

**Stjórnámálamenn
eru háðir breytingum
sem skýrir stöðugar
kollsteypur í
uppbyggingu skólakerfisins.**



gera í framtíðinni. Ég stakk upp á að hún yrði kennari. Hún spurði á móti af hverju í ósköpunum – ég væri alltaf að tala um hvað kennarar hefðu það skítt. Þegar ég sagðist elska starfið mitt svaraði hún að ég talaði ekki þannig.“



Um 500 kennarar mættu á Öskudagsráðstefnu á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu í febrúar.

Mikilvægt að skara framúr

Í fyrirlestrinum fór Salt yfir þær breytingar sem orðið hafa á heiminum síðustu ár. Hann nefndi sem dæmi að læknisfræðinni hefði fleygt svo mikið fram að ef læknir frá 17. öld kæmi inn á nútímaskurðstofu hefði hann litla hugmynd um hvað væri að gerast. Sömu sögu væri ekki að segja um starf kennarans. Ef kennari frá 17. öld væri settur inn í skólastofu næði hann að spjara sig þó þar væri að finna einhvern torkennilegan tækni-búnað. „Vinnuumhverfið hefur í grunninn ekki breyst mikið. Í stofunni eru ennþá um það bil 30 börn og kennarinn stendur fremst í stofunni og fyllir höfuð þeirra af þekkingu.“

Það breytir því ekki að starfið er mikilvægara í dag en nokkru sinni fyrr því þörfin fyrir nemendur að skara framúr er stöðugt að aukast. „Árið 2025 verða jarðarbúar einum milljarði fleiri en í dag. Það ár munu kínverskir háskólar útskrifa



fleiri enskumælandi afburðanemendur en háskólar í öllum enskumælandi löndum heims samanlagt. Það segir sig sjálft að samkeppni um störf mun harðna. Miklu máli skiptir að nemendur séu sem best í stakk búnir að takast á við þá samkeppni.“

Breyta lífi nemenda

Leiðin til þess er að tryggja að sem bestir kennarar og stjórnendur veljist til starfa í skólunum. Aðrar leiðir hafa ekki sömu áhrif, og það er til að mynda ekki nóg að dæla fjármunum inn í menntakerfið eins og oft er nefnt í umræðunni. Í þessu sambandi benti Salt á að Bandaríkjamenn eyddu mun hærri fjárhæðum á hvern nemenda í skólakerfinu en Slóvakía. Þrátt fyrir það stæðu löndin nánast jafnhliða í PISA.

„Stjórnámálamenn munu áfram setja sér markmið og ná þeim án þess að skilja aðalatriðið,“ segir Salt og ítrekaði enn einu sinni mikilvægi þess að verja menntunina og að fjárfest væri í góðum kennurum. Þeir gegni lykilhlutverki í samfélaginu enda geti góður kennari haft gríðarleg áhrif á nemendur. „Það er ástæðan fyrir því að við gerðumst kennarar. Það sem við eigum öll sameiginlegt er einlæg trú okkar að með menntun getum við bætt líf nemenda.“



SKRAUTNÓTAN Í HÖRPU

Uppskeruhátíð tónlistarskóla, Nótan, fór í ár fram í sjötta skipti. Að þessu sinni var hún með breyttu sniði, meðal annars vegna nýafstaðins verkfalls tónlistarskólakennara.



Það voru fagrir hljómar sem fylltu Norðurljósasal Hörpu sunnudaginn 8. mars þegar þar fór fram „Skrautnótan“, útfærsla tónlistarskólanna í Reykjavík á þessari árlegu uppskeruhátíð. Í ár var aukin áhersla lögð á fyrsta og annan hluta Nótunnar, þ.e. uppskeruhátíðir innan einstakra skóla, en ekki var haldin loka-hátíð á landsvísu eins og gert hefur verið síðustu ár. Ástæðan var meðal annars verkfall tónlistarskólakennara undir lok síðasta ár. Ljósmyndarinn Styrmir Kári Erwinsson var viðstaddur Skrautnótuna og fangaði stemninguna.













ALLTAF HÆGT AÐ BÆTA ÞJÓNUSTUNA


Ný viðhorfskönnun sýnir að 75% félagsmanna er ánægð með viðmót starfsmanna og mikill meirihluti segir að auðvelt sé að ná sambandi við starfsfólk. Starfsmenn KÍ reyna stöðugt að bæta þjónustu við félagsmenn.



**Lestu þjónustu-
könnunina í
heild hér**

Starfsmenn Kennarasambandsins svara á degi hverjum fjölmörgum spurningum félagsmanna og eru þær jafn misjafnar og þær eru margar. Í nýafstaðinni viðhorfskönnun sem Capacent gerði meðal félagsmanna var meðal annars spurt út í þessar fyrirspurnir. Orðrétt hljóðaði spurning sem lögð var fyrir tæplega 1.500 manna úrtak svona: „Vegna hvers af eftirfarandi hefur þú átt samskipti við starfsfólk Kennarasambands Íslands á síðustu 12 mánuðum?“. Ljóst er að félagsmenn láta endurmenntun sig

ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU ENDURMENNTUNAR- SJÓÐA




varða, því af þeim sem leituðu til KÍ á umræddu tímabili sögðust rúmlega 50% hafa spurt út í endurmenntunarsjóði. Algengustu málaflokkar sem spurt var um voru þessir*:

Endurmenntunarsjóður	50,2%
Sjúkrasjóður	35,8%
Orlofssjóður	35,6%
Almenn fyrirspurn	34,9%
Kjarasamningsmál	34,0%

* Hægt var að nefna fleiri en einn svarmöguleika og hlutfallstölur taka mið af því.

ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU ORLOFSSJÓÐA




Margir þeirra sem höfðu samband við KÍ spurðu enn fremur út í vinnutíma, fæðingarorlof, ráðningar, lífeyrismál og veikindarétt. Í ljósi þess hversu fjölbreyttum spurningum starfsmenn þurfa að svara hefur síðustu ár verið reynt að tryggja að þeir búi yfir sem víðtækastri þekkingu í helstu málaflökkum. Það virðist hafa tekist því í könnuninni segjast 86% þátttakenda upplifa að starfsmenn hafi mikla eða mjög mikla þekkingu á þeim málaflökkum er að þeim snúa. Aðeins 1,9% töldu starfsmenn búa yfir lítilli þekkingu.

Starfsmenn geta unað vel við niðurstöður könnunarinnar því almennt bera félagsmenn þeim vel söguna. Þannig segjast yfir 75% ánægð með viðmót starfsmanna meðan ríflega 73% segja að auðvelt sé að ná sambandi við starfsmenn. Um 72% segjast ánægð með almenna afgreiðslu Kennarasambandsins og rúmlega 70% segja að starfsmenn svari tölvupóstum hratt og örugglega.


Sjóðir

Í umræddri viðhorfskönnun var einnig spurt út í almenna ánægju með þá þjónustu sem einstakir sjóðir KÍ og aðildarfé-


ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU SJÚKRASJÓÐS



HAGSMUNAGÆSLA Í KJARAMÁLUM



ÞEKKING STARFSMANNA Á HELSTU MÁLAFLOKKUM



laganna veita. Í ljós kom að mest ánægja er með þá þjónustu sem endurmenntunarsjóðir bjóða upp á. Rúmlega 72% þátttakenda segjast ánægð meðan tæplega 14% eru ósátt. Ríflega 67% félagsmanna segjast ánægð með þjónustu Sjúkrasjóðs og 62% eru ánægð með þá þjónustu sem Orlofs-sjóður býður upp á.

Þrátt fyrir að niðurstaðan sé í flestum tilfelloum jákvæð breytir það því ekki að könnunin sýnir að hluti félagsmanna er ósáttur. Það vekur til dæmis athygli að minnihluti félagsmanna er ánægður með hagsmunagæslu KÍ í kjaramálum, en þar segjast 48% félagsmanna ánægð meðan 27% segjast óánægð. Slík óánægja í einstökum

liðum er raunar eðlileg í félagi sem telur ríflega 10 þúsund félagsmenn, enda er eitt meginhlutverk forystumanna Kennarasambandsins að vinna í að bæta þjónustuna. Því verkefni lýkur aldrei.

Hermann Jónsson er skólastjóri Advania skólans. Á dögunum hélt hann erindi á morgunverðarfundi fyrirtækisins sem bar yfirskriftina „Lífið er læk“ en þar var meðal annars fjallað um neteinelti.

LJÓSMYND: GVA

UPPRÆTUM NETEINELTI MEÐ FRÆÐSLU

Hermann Jónsson segir að foreldrar og kennarar þurfi að tileinka sér betur tölvur og tæki og miðla þekkingu áfram til barna og unglinga. Með því að kenna samskiptareglur á netinu megi koma í veg fyrir neteinelti.

D

„Dóttir mín hefur verið lögð í einelti frá því hún var í leikskóla. Eineltið hefur fylgt henni alla tíð og nú þegar hún er orðin unglingur og komin með tölvu bætist neteineltið við hið „venjulega“ einelti,“ segir Hermann Jónsson, faðir og skólastjóri Advania skólans. Skrif hans og fyrirlestrar um einelti hafa vakið talsverða athygli síðustu mánuði en hann hóf upp raust sína eftir að sextán ára gömul dóttir hans, Selma Björk Hermannsdóttir, skrifaði fyrir rúmu ári grein á vefinn bleikt.is. Þar lýsti hún einelti sem hún hafði lent í, en einnig hvernig hún hefði tekist á við það. „Greinin og sú aðferð sem hún talaði um (ást gegn hatri) vakti mikla athygli og upp frá því fóru mér að berast fyrirspurnir um hvernig ég hefði alið hana upp og hver ástæðan væri fyrir því að hún væri svona sterk.“

Það varð til þess að Hermann og Selma hófu að halda fyrirlestra. Sjálfur ræðir hann við foreldrana meðan hún ræðir við nemendur. „Þarna segi ég meðal annars frá viðbrögðum mínum við neteineltinu á sínum tíma. Þau voru í upphafi að leiðbeina Selmu við netnotkun með það að markmiði að fækka þeim tækifærum sem gerendurnir hefðu til að ná til hennar. Í byrjun voru samskiptaforritin fá og því einfaldara að halda utan um þetta en eftir því sem hún varð eldri og tækninni fleygði fram varð það æ erfiðara. Neteinelti hefur breyst mikið frá því að dóttir mín lenti í því í fyrsta skipti og í dag eru til ótal forrit og síður þar sem gerendum gefst tækifæri á að koma skotum á þolendur nafnlaust.“

Hermann segir að munurinn á einelti og neteinelti sé aðallega sá hversu auðvelt það er vera nafnlaus og fela sig á netinu. „Einstaklingar sem mundu aldrei þora að segja eitthvað ljótt við aðra augliti til auglitis þora það á netinu þar sem þeir geta falið

„...allir sem ég
ræddi við höfðu lent
í að fá „viðmælanda“
sem var að fróa sér.
Sum þessara barna
voru 12 ára“



sig bak við nafnleysi. En allt er þetta einelti þar sem einstaklingar leggja sig fram við að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda öðrum vanlíðan.“

Gjá sem verður að brúa

„Það er líka áhugavert að foreldrar virðast eiga auðveldara með að horfast í augu við og takast á við „venjulegt einelti“ heldur en neteineltið því þeim finnst eins og það sé að gerast í heimi sem þeir hvorki tilheyra né þekkja og því sé ekkert hægt að gera. Þá myndast gjá milli barna og foreldra vegna þess að foreldrarnir

hafa ekki skilning á þeim rafræna heimi sem börnin lifa og hrærast í. Mitt svar við þessu er einfaldlega að foreldrar, og reyndar kennarar líka, verði að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og takast á við þessi mál. Brúa gjána ef svo má að orði komast. Það er engin afsökun að segjast ekki kunna hlutina, þú verður bara að læra.“

Hermann og Selma halda



Hermann Jónsson með dóttur sinni, Selmu Björk.

úti síðu á Facebook sem ber nafnið „Ást gegn hatri“ en til viðbótar bloggar hann á vefnum „mystrongchild.net“. Þar er meðal annars að finna nýlega færslu þar sem Hermann telur upp nokkra samskiptavefi sem börn og unglingar nota, en þann lista má sjá hér til hliðar. Lýsingar Hermanns á upplifun barna og unglunga af spjallsíðunum Chatroulette og Omegla eru óskemmtilegar. Á þessum síðum spjalla notendur handahófskennt við aðra notendur í gegnum vefmyndavél. „Þú veist ekki hver notandinn er, gæti verið hver sem er, hvar sem er. Mikið er um að fullorðnir karlmenn séu að fróa sér á þessum síðum og í óformlegri könnun sem ég gerði hjá börnum og unglingum kom fram að allir sem ég ræddi við höfðu lent í að fá „viðmælanda“ sem var að fróa sér. Sum þessara barna voru 12 ára.“



Ábyrgðin er foreldranna

Hermann leggur í fyrirlestrum sínum áherslu á að þó skólarnir gegni mikilvægu hlutverki í þessum málum sé endanleg ábyrgð alltaf foreldranna. „Við getum ekki litið til skólans og sagt að kennarar eigi einir að kenna börnum okkar umferðar- og umgengisreglur á netinu. Endanleg ábyrgð er alltaf okkar foreldranna. Við verðum að kenna börnunum það að þegar við eigum samskipti á netinu, sama hvort við skrifum texta eða sendum myndir, þá erum við alltaf í samskiptum við mann-eskjur. Það gilda því sömu reglur á netinu og þegar þú hefur samskipti við manneskju augliti til auglitis: Segjum eða gerum ekkert sem særir, móðgar eða lætur annarri mannskju líða illa“.

NOKKRIR SAMSKIPTAMÍDLAR SEM FORELDRAR OG KENRARAR ÆTTU AÐ ÞEKKJA

Facebook, Talkd.me, Ssk.fm, Spring.me, Chatroulette, Omegla, Snapchat, Instagram, Kik, Burn note, Spillit, Keek, Hotornot, Meet.me, Younow.com og Yevvo.

Þar með er ekki sagt að skólinn þurfi ekki að vera á tánum. „Skólinn þarf að vinna með okkur í þessari fræðslu. Hann verður að fylgja breyttum tímum og vera tilbúinn að breytast. Kennarar þurfa að læra það sama og foreldrar og gera sér grein fyrir því að tölvur eru komnar til að vera. Við verðum líka að gera þá kröfu á skólann að hann fylgist

með því sem er í gangi í heimi barnanna. Þetta er gríðarlega erfitt verkefni enda er kennarastarfið að mínu mati eitt það erfðasta sem hugsast getur. Verkefni þeirra er að undirbúa börn undir framtíð sem breytist svo hratt að það er engin leið að segja hvernig hún verður. Þetta er afar flókið og ekki til neinar einfaldar lausnir. Það er til dæmis engin lausn að banna snjalltæki í skólum. Þvert á móti á að taka þessum tækjum fagnandi og fræða nemendur um notkun þeirra en um leið að setja vel ígrundaðar reglur um notkun þeirra. Það þýðir að foreldrar og kennarar verða að taka tölvum og tækni með opnum hug, því þessi tæki skipa stórt hlutverk í framtíð barna okkar. Verkefnið er síðan að leiðbeina þeim um hvernig þau noti þessa tækni á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Við verðum að vera hluti af lausninni í stað þess að vera vandamálið.“

SAMSTARF Í RAUN?

K

Kennarar eru flestir sammála um að samstarf skólastiga sé afar mikilvægt. Í skólafestfni Kennarasambands Íslands kemur fram að tryggja þurfi tíma og fjármagn til að sinna samstarfi við nærliggjandi skólastig, og samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eiga skólar landsins að mynda samstæða heild þar sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskóla til háskóla. En er nægilega mikið samstarf á milli skólastiga almennt og skilar það sér til barna?

Þessar vangaveltur fá mig til að rýna í eigin störf og eigin skóla og langar mig því að segja frá samstarfi leikskólans Holtis og Akurskóla í Reykjanesbæ, en ég tel að það sé til fyrirmyndar að mörgu leyti, þó að alltaf megi gera betur.

Sem leikskólakennari og deildarstjóri elstu barna í leikskólanum Holti í Reykjanesbæ hef ég fengið tækifæri til að vinna að því að efla tengsl við grunnskólann. Ég fæ líka að upplifa spennu, gleði og ýmsar aðrar tilfinningar sem berjast um í börnum þegar samstarfið hefst að hausti. Markmiðið með samstarfi leik- og grunnskóla er að barnið upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans og þess vegna er mikilvægt að heimsóknirnar séu margar og reglulegar yfir veturinn og er það haft að leiðarljósi við undirbúnings samstarfsins.

Samstarfið við Akurskóla er mjög gott og talsverður áhugi fyrir því, bæði af hálfu leikskólans og grunnskólans. Samvinnan hefst að hausti og stendur yfir allan veturinn, bæði með vikulegum heimsóknum í bekk og í formi annarra viðburða. Það sem ég vil sérstaklega segja frá að þessu sinni er samstarf á þemadögum í janúar, svokallað þorrapema.

Þorrapemað er fastur liður í samstarfi skólanna. Þá vinna leikskólinn Holt, leikskólinn Akur og Akurskóli saman með elstu börn leikskólanna og fyrsta bekk grunnskólans þar sem



Heiða Ingólfssdóttir
deildarstjóri í leik-
skólanum Holti





Heimsókn í Akurskóla. Krakkarnir fengu að skoða skólann. Sundlaugin og bókasafnið voru líka heimsótt.

börnunum er skipt niður í hópa og þau vinna ýmis verkefni sem tengjast þorranum. Þemadagarnir standa yfir í þrjá daga en að auki er fjórði dagurinn eins konar uppskeruhátíð þeirra og er hann haldinn á bóndadaginn ár hvert. Dæmi um viðfangsefni í þorrapema eru: rúgbrauðsgerð, ferðir í Stekkjarkot sem er gamall torfbær í nágrenni skólanna, ferðir í Víkingaheima sem er víkingasafn bæjarins, kennsla um rúnir, sviðasultugerð, leiklist, söngur og dans, ullarþæfing, þjóðsögur og svona mætti áfram telja.

Á þemadögum skapast ákveðið öryggi og gagnkvæmt traust myndast milli barna og kennara beggja skólastiga þannig að börnin upplifa sig

sem hluta af grunnskólanum og sem hluta af stærri heild. Þau vinna ýmis verkefni sem þau hengja upp í grunnskólanum og færa þannig sína menningu þangað inn. Ég held að óhætt sé



að segja að flestir leikskólar séu í einhvers konar samstarfi við grunnskóla, en að minna fari fyrir vinnu þvert á skólastig eins og t.d. á þemadögum þar sem börn og kennarar kynnast störfum og starfsaðstæðum hvers annars og miðla sín á milli. Með góðu samstarfi og samvinnu skólastiganna verður bilið á milli skólastiganna ekki svo breitt, heldur verður skólagangan frá tveggja ára aldri að eðlilegri þróun.

Kennarar í leikskólanum Holti, leikskólanum Akri og Akur-skóla vinna saman að undirbúningi þemadaganna eins og áður kom fram. Á þessum dögum blandast hópar barna úr leik- og grunnskóla og vinna að sameiginlegum verkefnum og erum við þá samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Kennarasambands Íslands að vinna þvert á skólastig, miðla upplýsingum um námsefni og kennsluhætti og leggja okkar á vogarskálarnar til að tryggja sem best samfellu í námi. Ég tel þetta vera dæmi um raunverulega samvinnu skólastiga og að það mætti vinna fleiri verkefni í samstarfi sem þessu.

SÉRSNIÐIÐ FRAMHALDS- NÁM FYRIR STARFANDI GRUNNSKÓLAKENNARA

S

Starfshæfni grunnskólakennara snýst um leikni í starfi á vettvangi þar sem sífellt þarf að taka mikilvægar og óvæntar ákvarðanir. Hún birtist einnig í beinni þekkingu á kenningum, skólapolítískum álitamálum, hugtökum og rannsóknum á sviði uppeldis og menntunar. Grunnskólakennsla er því starf sérfræðings sem þarf að tvinna saman praktíska og fræðilega þekkingu við raunverulegar starfsaðstæður; þar reynir á hæfni til að leysa ófyrirséð vandamál, taka þátt í umræðu um álitamál og rökstyðja ákvarðanir og viðhorf. Námsárangur og þroski barna og ungmenna er án efa gildur mælikvarði á fagmennsku kennara, en áhugi og hæfni kennara til starfsþróunar og öflunar þekkingar á ýmsum sviðum menntunar er ekki síður mælikvarði á fagmennsku, meðal annars á sviðum námskrárfræða, námsmats, kennslufræði, siðfræði, upplýsinga- og samskiptatækni, miðlunar og sköpunar, að ógleymdum þeim námssviðum og viðfangsefnum skyldunáms sem kveðið er á um í VII. kafla laga um grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).



**Meyvant Þórólfs-
son**

lektor við Mennta-
vísindasvið HÍ

Viðhorfskönnun

Um langt skeið hefur starfandi kennurum og öðrum sérfræðingum á sviði uppeldis og menntunar staðið til boða framhaldsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, áður Kennaraháskóla Íslands. Skiptar skoðanir hafa reynst vera um inntak og skipulag slíks náms. Vorið 2014 var spurningakönnun





Um langt skeið hefur starfandi kennurum og öðrum sérfræðingum á sviði uppeldis og menntunar staðið til boða framhaldsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Því lögð fyrir kennara sem höfðu lokið B.Ed-gráðu eða samþærilegri gráðu á tímabilinu 1976 til 2011 og höfðu þegar leyfisbréf til að starfa sem grunnskólakennarar. Markmiðið var að kanna hugsanlegan áhuga á framhaldsnámi og óskir um inntak og skipulag slíks náms. Um 750 svör fengust og 78% svarenda sögðust vilja skoða möguleika á framhaldsnámi og nefndu því til skýringar m.a. faglegar ástæður (bæti mig sem sérfræðing), starfsþróun (bæti mig í starfi), bætt launakjör og framgang í starfi. Viðfangsefni sem svarendur töldu mikilvægt að bjóða upp á í slíku námi voru nýting upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í kennslu, fjölbreytt námsmat og prófagerð, stærðfræðilegt læsi, vísindalegt læsi og almennt læsi eins og rannsakað er í samanturðarrannsóknnum á borð við PISA, störf umsjónarkennara, bekkjarstjórnun, kennsla í fjölbreyttum nemendahópum og grunnþættir menntunar sbr. ákvæði núgildandi aðalnámskrár. Auk þess nefndu allmargir námsgreinar á borð við stærðfræði,



íslensku, samfélagsgreinar, náttúrugreinar, list- og verkgreinar og erlend mál. Jafnframt var spurt um tímaskipulag námsins og töldu flestir hægt að nýta vordaga eftir að kennslu lýkur og einhverja daga í ágúst áður en nýtt námstímabil hefst. Tíminn síðdegis á föstudögum og fyrri hluti laugardaga var einnig talinn heppilegur.

Nýtt framhaldsnám

Haustið 2015 hefst tilraun með nýtt sérsniðið framhaldsnám

fyrir grunnskólakennara við Kennaradeild Menntavísindasviðs, þar sem tekið er mið af ofangreindri könnun og almennum hæfni- viðmiðum fyrir grunnskólakennaranám.

Tilraunin mun standa frá hausti 2015 fram á haust 2018. Námið er sérsniðið í þrennum skilningi. Í fyrsta lagi er stefnt að því að þeir haldi hópinn, sem hefja það haustið 2015, og ljúki á sama tíma. Í öðru lagi er lögð áhersla á tengsl við starfsvettvang þátttakenda eins og kostur er, þ.e. að viðfangsefni í námskeið- um tengist viðfangsefnum þátttakenda í eigin starfi. Í þriðja lagi er inntak og skipulag

námskeiða sniðið að niðurstöðum áðurnefndrar könnunar sem var lögð fyrir vorið 2014. Loks skal tekið fram að hér er um að ræða fyrstu tilraun með nýtt snið á framhaldsnámi, sem verður metið og væntanlega þróað áfram ef vel reynist. Gert er ráð fyrir um 40 þátttakendum og geta þeir valið um að ljúka 60 eininga diplómanámi eða 120 eininga meistaranámi. Markmið námsins er að þátttakendur dýpki þekkingu sína í náms- og kennslufræði annars vegar og afmörkuðum fræðasviðum hins vegar, auk þess að efla starfshæfni sína með samskiptum og samstarfi við aðra sérfræðinga, þ.e. samnemendur jafnt og kennara á námskeiðum. Hið sérsniðna nám verður kynnt og auglýst fljótlega.

„Haustið 2015 hefst tilraun með nýtt sérsniðið framhaldsnám fyrir grunnskólakennara við Kennaradeild Menntavísindasviðs“.

ORÐAFORÐI OG MYNDLÆSI

Myndefni til tungumála-kennslu er eitt af því fjölmarga sem er að finna á samfélagsmiðlinum Pinterest. Þar hefur til dæmis Ida Marguerite Semey, spænskukennari við MH og Menntaskólann á Tröllaskaga, tekið saman myndrænt kennsluefni og sett á Pinterestsíðu. Fyrir þá sem eru ekki farnir að



rata um þennan samfélagsmiðil þá hefur Ida sett inn myndbandskynningu þar sem hún gefur góðar leiðbeiningar. Ida lýsir því meðal annars hvernig nota megi myndir, eða raunefni, í kennslustundum þannig að um leið og nemendur hjálfa sig í orðaforða eflast þeir í myndlæsi. Sjón er sögu ríkari.

APPIÐ



Puppet Pals HD er smáforrit þar sem krakkar geta búið til leiksýningu með hreyfingu og hljóði á metíma. Börnin geta valið leikara, sig sjálf, og ýmsa bakgrunna. Leikurunum er stjórnað því að draga þá inn og út af sviðinu og hægt er að stækka þá og minnka. Hreyfingar og hljóð sem börnin búa til er hægt að taka upp. Þetta app er til þess fallið að efla sköpunarkraftinn og útkoman verður skemmtileg. Appið er frítt en það kostar 700 krónur að fá viðbætur.



Annað smáforrit af svipuðum toga og Puppet Pals er iMovie, en það gerir nemendum auðvelt fyrir að klippa saman myndbönd og ljósmyndir þannig að útkoman verði á kvikmyndformi. iMovie hefur þann kost að mjög fljótlegt er að búa til myndband og ekkert mál er að bæta inn ljósmyndum, hljóðbrotum og tónlist. Svo má velja mismunandi sniðmát fyrir hverja mynd. Smáforritið kostar um 650 krónur og fæst á apland.is.



NÁMSSTÖÐVAR Í SKÓKÖSSUM



Í pokahorninu er facebook-síða með skemmtilegum hugmyndum og gagnlegum verkefnum sem aðallega er ætluð við kennslu yngri barna, en mörg verkefnin má einnig aðlaga að kennslu eldri nemenda. Síðan var stofnuð af Önnu Kristínu Arnarsdóttur og Svövu Þ. Hjaltalín, kennurum yngri barna við Giljaskóla á Akureyri. Þær stöllur hafa í nokkur ár unnið með nemendum við að útbúa bæði skapandi og hlutbundin verkefni.

„Okkur finnst of lítið gefið út af svona kennsluefni. Því höfum við víðað að okkur efni úr ýmsum áttum auk þess að búa sjálfar til kennsluefni. Síðustu ár höfum við til dæmis unnið töluvert með námsstöðvar í íslensku og stærðfræði. Þessar námsstöðvar eru í skókössum og eru því bæði aðgengilegar og góð tilbreyting frá námsbókum,“ segja þær Anna Kristín og Svava.

FÉLAGINN KOLBRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR (30 ÁRA)

MIKILVÆGT AÐ KENNA JAFNRÉTTI

Kolbrún Guðmundsdóttir er dönsku-kennari í Grunnskóla Hveragerðis. Hún er félagi í hjálparsevitinni Tintron og stundar crossfit af kappi. Kolbrún er einnig ötul í félagsmálunum og situr í Jafnréttisnefnd KÍ. Hún segir mikilvægt að kennsla í jafnrétti sé markviss og leitað verði leiða til að gera slíka kennslu markvissa.

HVER: Grunnskólakennari í Hveragerði og meðstjórnandi í Jafnréttisnefnd KÍ.



Hver eru helstu verkefnin í Jafnréttisnefndinni nú um stundir? Við erum að vinna að mörgum spennandi verkefnum í Jafnréttisnefndinni. Nýlega sendum við frá okkur ályktun til framhaldsskóla þar sem hvatt er til þess að grunnþátturinn jafnrétti verði kenndur. Mikil umræða hefur verið um mikilvægi þess að kenna jafnrétti með markvissum hætti og skoða hvaða leiðir eru færar og árangursríkar við slíka kennslu. Við höfum líka skoðað hlutfall karla og kvenna innan Kennarasambandsins og rýnt í launatölur. Við fengum Harald Frey Gíslason, formann FL, á fund til okkar þar sem umræðu-

efnið var karlar í kennslu. Það var mjög áhugavert og öll þessi vinna heldur áfram og verður áhugavert að sjá hvert hún leiðir.

Hvaða þekktu persónu hefðirðu viljað hafa sem kennara? Ég hefði klárlega viljað hafa Vigdísí Finnbogadóttur sem kennara en sem skólastjóra hefði ég viljað hafa Jason Statham. Í desember myndi ég samt vilja hafa The Grinch sem kennara.

Hver ætti að fara í skammarkrókinn? Ég er bara ekki hlynnt skammarkrókum og myndi því ekki setja neinn í



skammarkrókinn. Það er miklu betra að taka fólk úr aðstæðunum og þyrfti að nýta þá tækni mun oftár á ákveðnum sviðum þjóðfélagsins. En ef ég þarf að geyma einhvern á vondum stað dettur mér helst í hug ljóti kallinn.

Hvað finnst þér best í eigin fari? Ég er skipulögð, ákveðin og samkvæm sjálfri mér. Ég er sveigjanleg og hef óþrjótandi hugmyndir og ímyndunarafli þegar kemur að vinnu með nemendum.

Í hvaða félögum og klúbbum ertu? Ég er í litlum klúbbi sem kallar sig Klemenz í höfuðið á gömlum ketti með astma. Félagsskapurinn er reyndar allt annað en kattatengdur þó ketti hafi vissulega borið á góma innan hópsins. Ég er líka félagi í Hjálparsevitinni Tintron, stunda Club Crossfit Hengil og svo er ég í túbuvinafélagi á Facebook.

Hvaða bók lastu síðast? Síðast las ég sennilega Ég man þig eftir Yrsu en núna er ég að lesa um Fjölgreindarkenningu Howards Gardners.

Hvert var uppáhaldsfagið í skóla? Það var klárlega danska, bæði í grunn- og framhaldsskóla. Það hefur mögulega haft áhrif á val mitt á því að taka dönsku sem kjörsvið í HÍ.

Hundur eða köttur? Ég get eiginlega ekki svarað þessari spurningu ef maðurinn minn skyldi álpast til að lesa þetta.

Langar ekkert í hund og alls ekki í kött en ef ég þyrfti að velja myndi ég velja hund. Helst franskan bulldog.

Hvernig færðu útrás? Ég skottast með vinkonunum í Crossfit Hengil eða dansa við strákana mína.

Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í eina kennslustund, hvað myndirðu kenna?

Virðingu! Finnst að allir mættu tileinka sér það að bera meiri virðingu fyrir öðrum í samskiptum.

Hver er uppáhalds stjórnmalamaðurinn þinn? Ég á ekki uppáhalds stjórnmalamaðmann og hef ekki í hyggju að eignast slíkan.

Hverju deildirðu síðast á Facebook?

Niðurstöðum úr persónuleikaprófi sem sögðu að ég væri ótrúlega klár, með svartan humor og hugmyndarík. Pottþétt marktækt. Þar á undan deildi ég krúttlegri mynd þar sem Eyrnaslapi er að ræða við Bangsímon um veðrið. Þeir tala um að það sé enn að snjóa og enn ískalt. Eyrnaslapi er samt svo dásamlega jákvæður og bendir Bangsímon á að það hafi ekki orðið jarðskjálftar nýlega.

Snjallsími eða spjallsími? Er þetta einhver spurning? Snjallsími alltaf alls staðar. Frábær tæki, nýtast í svo ótal margt. Ég þekki samt fólk sem á spjallsíma, en skil ekki hvernig það kemst í gegnum daginn.